

Er raunhæft markmið að fækka krabbameinstilfellum um allt að helming?

RITARI: Kolbrún S. Ásgeirsdóttir

ÞÁTTTAKENDUR: Lára G. Sigurðardóttir lækni og fræðslustjóri Krabbameinsfélagsins, Sigríður Arnardóttir (Sirry) fjölmiðlakona, Unnur Guðrún Pálsdóttir (Lukka í Happ)

Rannsóknir sýna að koma má í veg fyrir um helming krabbameina. Lífshættir spila þar stórt hlutverk og hafa stjórnvöld, atvinnurekendur, fjölmiðlar og markaðsöflin mikil áhrif á lífsstíl okkar. Á endanum erum það þó við sem berum ábyrgð á okkar eigin lífsstíl. Enginn einn breytir áhættu okkar á að fá krabbamein en við sem samfélag getum skapað umhverfi sem gerir okkur auðveldara að taka ákvarðanir sem leiða til heilbrigðs lífs og hjálpar þeim sem veikst hafa að ná aftur heilsu.

Umræðan hófst með því að gestir voru spurðir hvort þeim finndist þeir fá góðar upplýsingar um hvað væri hollt og gott matarræði. Flestir voru á því að með tilkomu netsins væri greiðari aðgangur en þó væri erfitt að treysta mörgum heimildum auk þess sem skilaboðin væru misvísandi.

Einnig var þeirri spurning velt upp hvort takmörkuð umfjöllun fjölmiðla um áhrif ýmissa vörutegunda eins og sælgætis, sykraðra gosdrykkja og annarrar óhollustu gæti verið vegna þess hve mikil áhrif framleiðendur/innflytjendur þessara vara hafa sem auglýsendur.

Umræður snerust mikið um hversu mikilvægt það sé að börn hafi aðgang að og læri strax í barnæsku að njóta góðrar næringar og töldu þátttakendur að sparnaður í leikskólum og skólum í þessum málaflokki væri beinlínis hættulegur. Til dæmis var nefnt að í Hagaskóla væri nú hætt að bjóða upp á hafragraut að morgni í sparnaðarskyni. Rædd var sú hugmynd að allir leikskólar gætu haft sína matjurtagarða.

Sterkar skoðanir voru á hvað væri forræðishyggja og hvað væri umhyggja. Þátttakendur voru almennt sammála um að forræðishyggja væri í raun umhyggja fyrir samfélaginu og sannarlega ekki til að skammast sín fyrir.

Lausnir sem taldar voru mikilvægastar voru að auka upplýsingaflæði um áhrif neyslu áfengis og tóbaks, óhollra matarvenja og hreyfingarleysis auk þess að styðja við fólk til að taka réttar ákvarðanir. Lausnir gætu falist í að lækka verð á hollum valkostum eins og grænmeti og ávöxtum en að sama skapi hækka verð á óhollustu eins og sykrudum gosdrykkjum. Auka stöðugt aðgengi að ávöxtum og grænmeti í stað óhollustu eins og til dæmis við kassann í bókabúðum, matvörubúðum og til dæmis í tengslum við íþróttaiðkun þar sem dæmin sýna að oft er boðið upp á pizzu en grænmeti og ávæxti í tengslum við mót og leiki. Nefnt var að vel er gert hjá Krónunni og Víði að stilla ekki upp sælgæti við kassann. Eins var nefnt hvað ákvörðun Jóhannesar í Bónus var þýðingarmikil þegar hann ákvað að selja ekki tóbak í versluninni. Við getum öll haft áhrif á okkar hátt og allir voru sammála um að við yrðum öll að vera virk í að stuðla að hollari lífsháttum sem fækka krabbameinstilvikum.

Þegar spurt var hvort þátttakendur teldu raunhæft að fækka krabbameinstilvikum um allt að helming þá töldu allir að það ætti að geta gerst (í fullkomnum heimi) ef ákvarðanir væru teknar til að ná því markmiði. Við vitum nokkurn veginn hvað þarf til og hvað kemur í veg fyrir að þetta markmið náist. Það er eingöngu spurning um ákvörðun – og umhyggju.